

Samfélagsgreinar		6.bekkur	
Kennarar: Halla Björk og Sigurborg			
Tíma fjöldi: 5 stundir			
Menntagildi námsgreinar: Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt: 1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda. 2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmynd til að víkka út hugarheim nemenda. 3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum.			
Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Að nemendur tileinki sér réttisýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra. Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki: Sögukennsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma.Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum. Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt. Lífsleikni svarar spurningum hvað varðar reynsluheim, hugarheim og félagsheim nemenda. Hæfniviðmið í samfélagsgreinum eru þrískipt: 1. Reynsluheimur. Umhverfi, samfélag, saga, menning,: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann. 2. Hugarheimur. Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. 3. Félagsheimur. Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.			
Kennt er í lotum.			
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
	Nemandi getur: • sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika og félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi, • skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar, og lífsviðhorfa fyrr og nú.	• Þálfa samræður og gagnrýna hugsun með umræðu- og spurnaraðferðum. • Reglulegir bekkjarfundir þar sem tekin eru fyrir ýmis þematengd efni í umræður t.d. um atburði, persónur, margbreytileika mannsins, mikilvæg	• vinna og vinnuferli er metið að loknum lestri námsbóka og verkefnavinnu. • Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.

Reynsluheimur	• fylgt ferli orsaka og afleiðinga, af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta, • aflað sér, metið og nýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum, • áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði, • notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga, • rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu, • metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð, • kynnist hvernig íslenskt þjóðfélag hefur þróast og þekki nokkra áhrifapætti, • greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum, • kynnist margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks, • þekki helstu frásagnir, hefðir, hátíðir, siði og tákn í kristni og múhameðstrú. • gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra, • þekki einkenni lýðræðissamfélags, • geri sér grein fyrir kostnaði við eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu.	gildi; kærleika, heimspeki, umhyggju og réttlæti o.fl. • Ýmis hópverkefni þar sem nemendur afla sér upplýsinga um ýmis samfélagstengd efni, neyslusamfélagið, endurvinnslu, loftslagsbreytingar. • Kynning á Snorra Sturlusyni og áhrifum hans á sögu landsins. • Finna frétt á netmiðlum sem hefur áhrif á samfélag manna og heiminn. • Umræður og verkefnavinna um kristna trú, hindúisma, búddatrú, islam, gyðingdómur, bahá'í. • Fjölskyldan á 20.öldinni. Lesum saman, nemendur taka þátt í umræðum. • Nemendur þjálfast í því að taka lýðræðislegar ákvarðanir innan bekkjarins og hvernig lýðræði birtist í samfélaginu okkar.	• Umræður og verkefni þar sem nemendur fjalla um 1) Snjalltæki og áhrif þeirra og 2) Hvað við getum gert til að leggja okkar að mörkum til að bæta heiminn. • Lykilþættirnir samvinna og sköpun og skapandi og gagnrýnin hugsun verða hafðir að leiðarljósi. • Skólavefurinn, Landafræði loftslag • Verkefni um Vigdís Finnbogadóttur, nemendur fá val um skil á verkefninu. • Nemendur búa til bók um Snorra. Í bókina munu nemendur svara spurningum og vinna verkefni. Læra ný orð og taka próf úr þeim. • Umhverfismál, stjórnmál. • Nemendur skrifa niður fréttina og segja frá henni fyrir framan bekkjarfélaga og hvaða áhrif atburðurinn hefur á samfélag manna eða heiminn í heild. • Nemendur átti sig á því hvernig lýðræði er og hversu mikilvægt það er. Ýmis heimspeki verkefni
	• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,	• Almennar umræður. • Haldnir verða bekkjarfundir.	• Leiðsagnarmat í formi umsagnar t.d. þátttaka í umræðum, tillitssemi og jákvæðni.

Hugarheimur	• metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra, • gert sér grein fyrir jafngildi allra og sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn, • sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.	• Ýmis hópverkefni þar sem nemendur afla sér upplýsinga um ýmis efni og umræður teknar út frá þeim. • Sjálfspekkingarhefti • Námsleikir, heimspeki verkefni • Uppbyggingarstefnan þar sem gerðir verða bekkjarsáttmálar, mitt og þitt hlutverk og farið yfir þarfirnar auk þess sem nemendur gera námsmarkmið tvisvar yfir veturinn. • Verkefni úr Verkfærakistunni	• Lykilþættirnir samvinna og sköpun og skapandi og gagnrýnin hugsun verða hafðir að leiðarljósi.
Félagsheimur	• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, • gert sér grein fyrir gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks, virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta, • metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt, • tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra, • sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, • rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra, • rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum, • sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju. • viti hvað kynferðislegt ofbeldi, kynferðisleg áreitni og einelti er greint frá því að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er aldrei réttlætanlegt og það eru til félög og yfirvöld (t.d. 112, eða lögreglan) sem geta stutt við þá sem verða fyrir slíku. • viti mikilvægi þess að leita aðstoðar ef hann sjálfur verður fyrir slíku	• Haldnir verða bekkjarsfundir þar sem tekin eru fyrir ýmis þematengd efni í umræður t.d. jafnrétti, trúarfrelsi, lífsgildi, mismunandi skoðanir og lífshætti. • Almennar umræður. • Snorri Sturluson kynntur og áhrif hans á sögu landsins. • Hópaverkefni tengd Norðurlöndunum. • Nemendur fá fræðslu um ýmis trúarbrögð ýmist í umræðum eða að nemendur afli sjálfir upplýsinga og kynni fyrir bekknum.	• Leiðsagnarmat í formi umsagnar, t.d. þátttaka í umræðum, tillitssemi og jákvæðni. • Lokamat, þar sem vinna og vinnuferli er metið að loknum lestri námsbóka og verkefnavinnu. • Lykilþættirnir samvinna og sköpun og skapandi og gagnrýnin hugsun verða hafðir að leiðarljósi. • Fræðsla, umræða og verkefni tengd kynferðislegu ofbeldi

	kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða einelti. • Lýst leiðum til að bregðast við því þegar einhver sem hann þekkir verður fyrir einelti, kynferðislegu ofbeldi eða áreitni.		
Kennslugögn: Snorra saga, Norðurlönd lesbók og vinnubók, valdir þættir., vigdis.is, kvistir.is, Trúarbragðavefurinn, Fjölskyldan, Sjálfspekkingarhefti og ýmis verkefni tengd Uppbyggingarstefnunni, sjónvarpsþættirnir „Hvað höfum við gert?“ ýmsar heimasíður og verkefni tengd endurvinnslu og loftslagsbreytingum. Verkfærakistan. Rafrænt fræðsluefni. Ítarefni: Ýmist efni af veraldarvef, kortabók. Lokamat: Undir hvert viðfangsefni fellur ýmis verkefnavinna, kynningar, gagnapróf og mat á samvinnu og hópverkefnum.			